

A 1766/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu um norrænan fánadag á Degi Norðurlanda 23. mars

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að fara fram á við landsdeildirnar að þær hvetji norrænu þjóðþingin til að draga á stöng þjóðfána, norræna fána og norræna Svansfánann á Degi Norðurlanda.

Forsaga

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að Dagur Norðurlanda 23. mars yrði gerður að opinberum eða viðurkenndum fánadegi á öllum Norðurlöndunum;

að norrænu þjóðþingin drægju á stöng þjóðfána, norræna fána og norræna Svansfánann á Degi Norðurlanda.

Forsætisnefndin tók tillögu flokkahóps miðjumanna til fyrstu afgreiðslu á fundi sínum 27. júní í Nes í Noregi. Forsætisnefndin taldi að við frekari meðferð tillögunnar bæri að hafa í huga að Norrænu félögin hafa hrint af stað svipuðu átaki um þetta mál og að taka bæri mið af gildandi reglum um notkun fána á þjóðþingum landanna átta.

Á fundi forsætisnefndar 13. september í Nuuk óskaði flokkahópur miðjumanna eftir að tillögulið yrði bætt við nefndarálitið um þingmannatillöguna um að mælt skyldi með að fána yrði skotið upp 23. mars í öllum norrænu löndunum, svo sem gert er á Evrópuþeginum, en án lögfestingar eða skyldu.

Ákvörðun forsætisnefndar var tekin á þeim grundvelli að flokkahópar hægri manna, jafnaðarmanna, Norræns frelsis og Norrænna vinstri grænna studdu nefndarálitið með athugasemdinni um norrænu þjóðþingin og mynduðu þannig meirihluta í forsætisnefnd.



Tillaga Norrænu félaganna

Norræna félagið í Noregi samdi bréf í tengslum við 50 ára afmæli Helsingforssamningsins til Stórþingsins, ráðuneytanna og sveitarfélaganna með hvatningu um að draga fána á stöng á Degi Norðurlanda 23. mars. Stórþingið og nokkur sveitarfélög drógu fána á stöng.

Ráðuneytin óskuðu ekki eftir að taka þátt í að draga fána á stöng þennan dag með þeim rökum að Dagur Norðurlanda væri ekki opinber fánadagur í Noregi, auk þess sem, í ljósi mjög margra opinberra fánadaga, hefðu fremur verið uppi óskir um að draga úr fjölda opinberra fánadaga.

Tveir af fyrrum samstarfsráðherrum Noregs, Aasrud og Aspaker, hafa einnig reynt að fá norsku ráðuneytin til að draga fána á stöng, en án árangurs.

Samband Norrænu félaganna sendi bréf árið 2014 til norrænu ríkisstjórnanna og þjóðþinganna með hvatningu um að draga fána á stöng 23. mars.

Samkvæmt upplýsingum um svör frá ríkisstjórnnum Danmerkur, Finnlands og Noregs telja norrænu ríkisstjórnirnar almennt séð eigi æskilegt að fjölga opinberum fánadögum.

Gildandi reglur þjóðþinga Norðurlanda um notkun fána

Danmörk

Danska þjóðþingið dregur fána Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæðanna á stöng fyrir framan þinghúsið á Degi Norðurlanda 23. mars. Strætisvagnar í Kaupmannahöfn draga einnig fána Norðurlanda á stöng þennan dag.

Finnland

„Í tengslum við byggingar þingsins eru fánastangir fyrir framan þinghúsið (tvær mjög langar fánastangir), fyrir framan hliðarbyggingu þinghússins Litla þingið (u.þ.b. 20 stk.) og aftan við þinghúsið á forsetatorginu (1 stk.). Á opinberum fánadögum og öðrum fánadögum er finnski ríkisfáninn dreginn á stöng (fáni Finnlands með skjaldarmerki) á tveimur fánastöngum þinghússins og á einni fánastöng við Litla þingið og á fánastönginni við forsetatorgið. Sama fánahefð er viðhöfð á eigin hátíðisdögum finnska þingsins (t.d. við setningu þingsins). Á Evrópuþeginum er fáni ESB einnig dreginn á stöng fyrir framan Litla þingið.

Rekstrarstjóri finnska þjóðþingsins getur sem eignastjóri einnig tekið ákvörðun um notkun fána í þinginu að öðru leyti. T.d. þegar fram fara stórir alþjóðlegir fundir eru fánar þátttökulandanna oft dregnir á stöng fyrir utan Litla þingið. Á síðustu fundum Norðurlandaráðs í þinghúsinu var finnski ríkisfáninn dreginn á stöng fyrir framan þinghúsið og fáni Norðurlandanna á litla fánastöng sem var sett upp af þessu tilefni og fyrir framan Litla þingið einnig fánar hinna Norðurlandanna. Á undanförunum árum hafa fánar Norðurlandanna einnig verið dregnir á stöng fyrir framan þinghúsið, en það krefst sérstakra fánastanga fyrir tilefnið (eru teknar á leigu). Í tengslum við



opinberar heimsóknir frá útlöndum er bara finnski ríkisfáninn dreginn á stöng en innanhúss er hægt að draga fána hlutaðeigandi ríkis á stöng.

Hver nýr fánadagur hefur ákveðinn aukakostnað í för með sér í formi yfirvinnu og fjöldi fána hefur einnig áhrif á kostnað að einhverju marki. Ef óskað er eftir notkun fána á Degi Norðurlanda, ætti það með tilliti til núverandi fánahefða finnska þingsins að fara fram á sama hátt og á Evrópuþeginum, þ.e.a.s. að fáni Finnlands og fáni Norðurlanda væru dregnir á stöng fyrir utan Litla þingið. Fyrir utan þinghúsið er ekki mögulegt að draga annan fána á stöng en þann finnska nema notast sé við sérstakar fánastangir fyrir tilefnið. Fánar annarra ríkja eru bara notaðir í einstaka tilvikum í finnska þinghúsinu á fundum og/eða öðrum viðburðum.“

Færeyjar

Þjóðhátíðardagar allra Norðurlandanna og Dagur Norðurlanda eru opinberir fánadagar.

Ísland

Alþingi dró í fyrsta skipti fána Norðurlandanna á stöng 23. mars 2018 samkvæmt samkomulagi milli forseta Alþingis og formanns íslensku landsdeildarinnar. Áhugi er fyrir hendi hjá forseta Alþingis með áframhaldandi notkun fána en formleg ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Noregur

Norska þingið ákvað 20. mars 2014 að 23. mars skyldi vera fastur fánadagur með 5+3 norrænum fánum.

Svíþjóð

Þinghúsið er með þrjár fánastangir til að skjóta upp fána með „venjulegum“ fánum.

Ein fánastöng er á þakinu þar sem sænski fáninn er dreginn daglega á stöng. Aldrei neinn annar fáni og almennum reglum um notkun fána er fylgt varðandi tíma og þess háttar.

Tvær fánastangir eru við Riksplan innganginn þar sem venjulega er dreginn einn sænskur fáni á stöng (með skjaldarmerki, á stönginni hægra megin) og á hinni stönginni höfum við fána ESB. Þessir fánar eru við hún allan sólarhringinn og fánarnir eru þá upplýstir. Fánastangir á Riksplan fyrir þingforseta, þar sem það er hann eða hún sem tekur formlega ákvörðun um hvaða fána skuli/megi draga á stöng á þeim. Þingforsetinn tekur einnig ákvörðun um hvort draga skuli fána í hálfra stöng ef við á (Aðalstöngin).

Venja er við opinberar erlendar heimsóknir í sænska þingið (heimsóknir þingforseta, heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja og þess háttar) að fána ESB er skipt út fyrir fána þess ríkis sem er í heimsókn þann eða þá daga sem gesturinn heimsækir þingið.



Að jafnaði má einungis nota þjóðfána (að undanskildum fána ESB). Undantekningar frá reglunni um einungis þjóðfána hafa verið gerðar fyrir Norðurlandaráð þegar það hefur haldið þing í sænska þinghúsinu.

Álit nefndarinnar

Forsætisnefndin telur að halda beri upp á Dag Norðurlanda 23. mars og fagna norrænu samstarfi og að notkun þjóðfána landanna, norrænna fána og norræna Svansfánans væri til þess fallin að efla viðburðinn.

Forsætisnefndin sér að ríkisstjórnir Norðurlanda telja almennt séð óæskilegt að fjölga opinberum fánadögum. Forsætisnefndin telur ekki raunhæft að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um að Dagur Norðurlanda verði opinber fánadagur á Norðurlöndum, einnig með tilliti til umfangs notkunar fánans og útgjalda því tengdu.

Forsætisnefndin telur að landsdeildir Norðurlandaráðs ættu fremur að vinna að því að norrænu þjóðþingin dragi fána á stöng á Degi Norðurlanda. Helst með þjóðfáninum landanna, norrænum fáninum og norræna Svansfánanum, en ef það er ekki mögulegt, þá með þjóðfánanum og norræna Svansfánanum.

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki ákvörðun um innri málefni hér að lútandi.

Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)

Christian Juhl (EL)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Phia Andersson (S)

Wille Rydman (saml)

Ný tillögugrein

Flokkahópur miðjumanna leggst gegn ákvörðun forsætisnefndar frá 13. september með eftirfarandi rökum:

Við leggjumst gegn ákvörðuninni, samkvæmt nefndarálitinu, um að einskorða metnað við að draga fána á stöng á Degi Norðurlanda 23. mars við norrænu þjóðþingin.

Flokkahópur miðjumanna vill í samræmi við þingmannatillöguna leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að aðrar stofnanir en norrænu þjóðþingin geti einnig dregið fána á stöng á Degi Norðurlanda. Þetta ber einnig að birta sem tilmæli fremur en innleiðingu á opinberum fánadegi.



Stokkhólmi, 4. október 2018

Bertel Haarder (V)
Mikael Staffas (Lib)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frf)
Staffan Danielsson (C)